

8. gr.

Viðskiptaráðherra getur, skv. tillögum stjórnar Útflutningsráðs, sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 14/1971, um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, og tekur Útflutningsráð Íslands við starfsemi hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa,
sbr. lög nr. 67/1969, um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1969, orðast svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Landbúnaðarráðherra getur að fenginni umsögn yfirdýralæknis veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðslaráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðanda- og kynbótamerki.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.